

Ed.

503. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 469 [Atvinna við siglingar].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Erlendi Þorsteinssyni.

1. Við 1. Till. orðist svo:

Aftan við 49. gr. laganna komi ný málsg. svo hljóðandi:

Undanþegnir ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar eru vélbátar undir 25 smálestum, er stunda fiskveiðar með lóð eða netum og koma daglega að landi með afla sinn óaðgerðan, og viðgerð veiðarfæra og beiting lóða fer fram í landi.

2. Við 3. Í stað „800 hestafla“ komi: 650 hestafla.

3. Við 4. Síðari másl. í meginmáli till. orðist svo: Undirvélstjóri má gegna öðrum störfum á skipinu, þó ekki skipstjóra- eða stýrimannsstöðu á skipi yfir 25 smálestir.